

Fréttatilkynning frá Samtökunum '78 vegna Vetrar-Ólympíuleikanna í Sochi 2014

Á nýliðnu ári hafa borist ítrekaðar fréttir af hnignun mannréttindamála í Rússlandi; afskiptalaust ofbeldi, mannréttindabrot, óskiljanlega dóma og frelsisheftandi lagasetningu. Þar ber hæst lagasetning Dúmunnar þar sem „samkynhneigður áróður“ er bannaður. Fyrir hinsegin íbúa og gesti landsins þýðir hún aðeins eitt: Algera þöggun og útilokun heils þjóðfélagshóps. Hinsegin fólk í Rússlandi getur nú átt yfir höfði sér sektir og fangelsisdóma fyrir það eitt að sýna ást og tilfinningar á almannaþæri, miðla upplýsingum eða veita ráðgjöf. Í kjölfarið hefur komið holskefla af hatursglæpum gegn hinsegin fólki, sem lögregla og yfirvöld taka sjaldan á.

Í ljósi þessara gífurlegu mannréttindabrota, ofbeldis og haturs er eðlilegt að íslenskir ráðamenn séu spurðir hvað þeir hafa gert til að gagnrýna þessa skelfilegu þróun og hvort og hvernig þeir hafa beitt rússnesk stjórnvöldum þrýstingi til að hverfa af þessari braut.

Þegar samskipti þessara vinabjóða, Íslands og Rússlands, á síðast liðnu ári eru skoðuð kemur flest annað en samræður um mannréttindi og gagnrýni á ríkjandi stefnu Rússlands í ljós. Þvert á móti var kosið að halda upp á 70 ára afmæli stjórnmalasambands Rússlands og Íslands með því að hampa rússneskri menningu með listviðburðum, forsetaheimsóknum og fleiru. Eina tilraunin sem gerð var til þess að beina Rússum af braut mannréttindabrota kom frá Reykjavíkurborg, þegar hún með Jón Gnarr borgarstjóra í broddi fylkingar lagði til endurskoðun eða riftun á samstarfssamningi Reykjavíkur og Moskvu. Sá samningur er nú í endurskoðun og binda Samtökin '78 vonir við mikla áherslu á mannréttindi í framtíðinni.

Framundan eru Vetrarólympíuleikarnir í rússnesku borginni Sochi en þeir verða haldnir 7.-23. febrúar næstkomandi. Fjöldi fólks um allan heim hefur haldið á lofti þeirri skoðun að óeðlilegt sé að Alþjóðaólympíusambandið kjósi að halda þennan viðburð í landi þar sem mannréttindabrot eru lögfest. Sitt sýnist hverjum um hvernig skuli bregðast við þessari staðreynd en flestir hafa hlýtt á bón hinsegin mannréttindasamtaka í Rússlandi þess efnis að leikarnir verði ekki sniðgengnir, heldur notaðir sem stökkpallur til þess að vekja athygli á málefnum og málstað hinsegin fólks og þar með setja þrýsting á rússnesk stjórnvöld. Barack Obama fylgdi þessari bón eftir, útnefndi tvo hinsegin íþróttamenn í sendinefnd Bandaríkjanna og kaus að fara ekki sjálfur. Forseti Moldóvu mun ekki vera viðstaddur opnun leikanna og ekki forseti Þýskalands heldur. Þetta eru aðeins nokkur dæmi um viðbrögð heimsbyggðarinnar við þeim hroðalegu fréttum sem berast frá Rússlandi. Viðbrögð íslenskra ráðamanna, forseta Íslands sem fundaði nýverið með Rússlandsforseta, sem og Íþrótt- og ólympíusambandsins hafa hins vegar enn verið lítil. Nú er kominn tími á aðgerðir. Samtökin '78 krefjast þess að stjórnvöld bregðist opinberlega við mannréttindabrotunum í Rússlandi fara fram á að þau fari að fordæmi fjölda annarra ríkja sem munu ekki senda sína æðstu embættismenn á ÓL að styðja ríki og forseta sem lögfestir hatur og mannréttindabrot. Jafnframt er skorað á ÍSÍ og íslenska ólympíufara að styðja við baráttu hinsegin fólks með öllum mögulegum ráðum og halda þannig á lofti innihaldi 6. grunnreglu Ólympíusáttmálans um að Ólympíuhreyfingin eigi ekki samleið með mismunun.